

ársvöxtum frá slysdegi, 22. febrúar 1959, til greiðsludags. Eftir þessa niðurstöðu þykir með tilliti til þeirra gagna, er fyrir liggja um kostnað stefnanda af máli þessu, hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.500.00 í málskostnað, og skulu kr. 8.200.00 af því renna til skipaðs lögmanns stefnanda, Friðriks Magnússonar hdl.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda kr. 71.902.80 með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 10.500.00 í málskostnað, þar af kr. 8.200.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Friðriks Magnússon hdl., allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 65/1962. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Braga h/f. (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfrýjun til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða málskostnað.

Mál þetta var þingfest í júnímánuði s.l., því fyrst frestað til októbermánaðar þ. á. og síðan til 14. þ. m. Er málið kom þá fyrir Hæstarétt, sótti stefndi eigi þing og enginn af hans hálfu. Mál þetta er því flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hendi, þegar áfrýj-

andi tók út áfrýjunarstefnu sína, en áfrýjunarmáli stefnda lauk með útivistardómi 14. þ. m.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að staðfesta hann. Þá ber og að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar í Hæstarétti, er ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Bragi h/f, greiði áfrýjanda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. janúar 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 9/1 s.l., hefur Skipasmíðastöðin Dröfn h/f hér í bæ höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 8. des. s.l., gegn Braga h/f, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 413.525.61 með 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1961 til greiðsludags og málskostnaðar, þ.m.t. löghaldskostnaðar. Þá krefst stefnandi, að staðfest verði löghald í m/b Jónasi Jónassyni, G K 101, eign stefnda, er fram fór 28. nóv. s.l.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt reikningum eftirstöðvar af kaupverði nýs vélbáts, Jónasar Jónassonar, G K 101, er hann seldi stefnda ásamt vinnu við og viðgerð á bátnum.

Af hálfu stefnda var mætt við þingfestingu málsins, en eigi síðan. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 24.000.00.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Löghaldsgerð í m/b Jónasi Jónassyni, G K 101, staðfestist.

Stefndi, Bragi h/f, greiði stefnanda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, kr. 413.525.61 með 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1961 til greiðsludags og kr. 24.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 38/1962. **Sameinaðir verktakar h/f**

(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.)

gegn

Guðbrandi Guðmundssyni

(Agnar Gústafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdrar bótafjárhæðar, og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, hlutaðist áfrýjandi ekki til um rannsókn á slysi því, sem mál þetta er af risið, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. En af gögnum þeim, sem fram eru komin, þykir sýnt, að slysið verði rakið til skorts öryggisbúnaðar af hendi áfrýjanda til varnar grjóthruni í skurð þann, er stefndi vann í á vegum áfrýjanda. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að stefnda verði nokkur sök á slysinu gefin. Ber því að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi eigi að bæta stefnda tjón hans að fullu.